

# Reglur

142  
21. des.

um tilkynningar skulda samkvæmt 15. gr. laga nr. 14, 20. október 1905,  
um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

Samkvæmt 15. gr. í lögum nr. 14, 20. október 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, eru hér með settar eftirfarandi reglur um tilkynningar þær, er ræðir um í nefndri grein:

1. Tilkynningin skal vera skrifleg, rituð í tvennu lagi og stíluð til landsyfirréttarins.
2. Í tilkynningunni skal skuldakrafan tilgreind nákvæmlega, upphæð hennar, skuldareigandi og skuldunautur, heimili skuldunauts, hvenær skuldin er stofnuð og af hvaða rót hún er runnin. Svo skal þess og getið, hvers vegna eigi sé hægt að sækja mál útaf skuldinni hér á landi að svo stöddu.
3. Tilkynningu skal afhenda dómsmálaritara yfirdómsins, er innfærir hann í þartil gjörða bók og gefur kvittun fyrir móttöku hennar. Skal hún rituð á annað samritið af tilkynningunni og afhendast tilkynnanda.
4. Fyrir innfærsluna, svo og eftirrit úr bókinni, greiðist venjulegt skrifragjald.

Í stjórnarráði Íslands, 21. des. 1910.

Í fjarveru ráðherra

**Kl. Jónsson.**

---

*Eggert Briem.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Grimseyjarsjóð W. Fiskes, útgef-  
in á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 30. desember 1910.  
Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

143  
30 des.

fyrir Grimseyjarsjóð W. Fiskes.

1. gr.

Sjóður þessi er dánargjöf prófessors Willard Fiskes í Florens til Grims-  
eyinga samkvæmt erfðaskrá, dagsettri 11. apríl 1901, og skal sjóðurinn heita  
Grimseyjarsjóður W. Fiskes.

**143**

30. des.

Stofnfé sjóðsins er 12000 — tólf þúsund — Dollars, sem greiðast úr dánarbúi gefandans með 1000 dollars á ári í tólf ár (1905—1916).

## 3. gr.

Stjórnarráð Íslands veitir sjóðnum forstöðu, og varðveitir verðbréf hans. Verðbréf sjóðsins skulu bera nafn hans og áteiknun stjórnarráðsins um afhendingarbann. Það birtir árlega í B deild Stjórnartíðindanna ársreikning sjóðsins.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal ávalt leggja við hann  $\frac{1}{20}$  ársvaxtanna. Höfuðstólinn skal ávalt ávaxta samkvæmt því, sem lög skipa fyrir um ávöxtun á ómyndugrafé.

## 5. gr.

Því af ársvöxtunum, sem leggst ekki við höfuðstólinn samkvæmt 4. gr. skal varið árlega til þess að bæta líf skjör íbúanna í Grimsey, sem sé með því að bæta íbúðarhús og aðrar byggingar á eyinni, að stuðla að kaupum á búfé og útvegum á eldivið og fóðri, og að halda við bókasafni fyrir almenning.

## 6. gr.

Stjórnarráðið ákveður 11. dag nóvembermánaðar ár hvert hvernig vöxtum þeim, sem koma til úthlutunar, skuli verja samkvæmt fyrirmælum 5. gr., eftir að hafa fengið um það tillögur hreppsnefndar Grimseyjarhrepps, sóknarprestisins í Grimsey og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

Stjórnarráðið greiðir hreppsnefndinni hinar veittu fjárhæðir af ársvöxtunum, en hún greiðir þær aftur til þess, sem þær eru veittar til, og hefir hreppsnefndin með umsjá sýslumanns eftirlit með því, að hverri einstakri fjárhæð sé varið til þess, sem til var ætlast, og samkvæmt þeim skilyrðum, sem veiting hennar var bundin.

Í stjórnarráði Íslands, 30. desember 1910.

F. h. r.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*